

# **ÁLDA SJÓÐIR HF.**

## **Reglur um upplýsingar um viðskiptamenn**

Samþykkt af stjórn Öldu sjóða hf., 12. ágúst 2013

## Reglur um upplýsingar um viðskiptamenn

### 1. Tilgangur og gildissvið

Fjármálafyrirtæki skulu setja sér reglur um hvernig haldið er utan um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn. Í reglunum skal koma fram hvaða starfsmenn hafi aðgengi að upplýsingunum starfs síns vegna, hvernig staðið skuli að miðlun upplýsinga til innra eftirlits, eftirlitsstjórnvalda og lögreglu og hvernig eftirliti með framkvæmd regnanna er háttað.

Reglur þessar eru settar af stjórn Öldu sjóða hf. á grundvelli 19. gr. b laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Meðferð upplýsinga um viðskiptamenn skal vera í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og sjónarmið um persónuvernd, meðferð persónuupplýsinga og þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Reglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum.

### 2. Vistun upplýsinga

Alda sjóðir hf. vista upplýsingar sem viðskiptamenn veittu þegar stofnað var til viðskipta við félagið eða aflað hefur verið hjá þeim síðar. Upplýsingar um viðskiptamenn eru vistaðar á rafrænu eða pappírsmáli. Vistun með rafrænu hætti skal vera á öruggum miðli þar sem öryggisráðstafanir eru uppfærðar í samræmi við ýtrustu kröfur hverju sinni. Upplýsingar um viðskiptamenn á pappír skulu vistaðar í öruggri skjalageymslu.

Gögn eru geymd í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994 svo og á sögulegum og notkunarlegum forsendum. Þegar ekki er lengur notagildi í upplýsingum sem eru persónugreinanlegar þá er þeim eytt eða að lágmarki auðkennanlegar upplýsingar afmáðar ef upplýsingarnar hafa t.d. sögulegt gildi. Gögnum með upplýsingum um viðskiptamenn er eytt með tryggilegum hætti, pappír er sendur til eyðingar og rafrænum gögnum er markvisst eytt.

### 3. Aðgangur starfsmanna að upplýsingum um viðskiptamenn

Aðgangsstýring er að upplýsingum um viðskiptamenn Öldu sjóða hf. Þannig hafa starfsmenn félagsins hafa einungis aðgang að upplýsingum um viðskiptamenn sem starf þeirra krefst. Yfirmenn hafa að öllu jöfnu aðgang að öllum upplýsingum sem undirmenn þeirra hafa aðgang að nema reglur um hagsmunaárekstra takmarki aðgang að upplýsingum frekar en hér er kveðið á um.

### 4. Miðlun upplýsinga

Starfsmenn Öldu sjóða hf., stjórnarmenn, endurskoðendur og þeir sem taka að sér verk í þágu félagsins eru bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeir hafa aðgang að um viðskiptamenn Öldu sjóða hf. sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Starfsmönnum er þó heimilt að veita upplýsingar um viðskiptamenn ef fyrir því liggur skýr lagaheimild eða ef fram kemur lögmæt beiðni um slíkt frá viðskiptamanninum sjálfum eða opinberum aðilum s.s. lögreglu, Fjármálaeftirlitinu eða öðru lögbæru yfirvaldi. Miðlun fjárhagsupplýsinga getur jafnframt verið að

frumkvæði Öldu sjóða hf. þegar félagið telst tilkynningaskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

## 5. upplýsingaréttur viðskiptamanna

Viðskiptavinir eiga rétt á að fá afrit af gögnum sem innihalda upplýsingar um málefni þeirra hjá Öldu sjóðum hf. Ef viðskiptavinur óskar eftir slíkum upplýsingum skal hann senda félaginu beiðni þar sem fram kemur með skýrum og afmörkuðum hætti eftir hvaða gögnum sé óskað. Viðskiptamenn eiga rétt á að fá nægjanlega ítarlegar upplýsingar svo viðkomandi geti áttað sig á umfangi vinnslu upplýsinganna og notkun félagsins á þeim.

Beiðni um upplýsingar skal senda regluverði sem hefur milligöngu um afhendingu gagna. Regluvörður leggur mat á hvort viðkomandi eigi rétt á að fá þær upplýsingar sem beðið er um og hefur milligöngu um afhendingu gagna. Beiðni um upplýsingar kann að vera hafnað ef afhending upplýsinganna er andstæð persónuverndarsjónarmiðum eða trúnaðarskyldu félagsins samkvæmt 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Félagið mun þó ekki afhenda vinnugögn starfsmanna s.s. tölvupósta, minnisblöð eða önnur slík gögn sem persónugreinanleg eru til einstakra starfsmanna Öldu sjóða hf.

## 6. Eftirlit

Regluvörður hefur eftirlit með því að aðgangur starfsmanna að upplýsingum sé í samræmi við verkefni hans og starfseininga innan félagsins.

## 7. Gjald

Alda sjóðir hf. áskilja sér rétt til að innheimta gjald fyrir vinnu við að taka saman gögn sem viðskiptavinur óskar eftir að fá afhent til sín. Gjaldið fer þá samkvæmt gjaldskrá sem viðskiptavini skal kynnt fyrirfram, t.d. með birtingu á vefsíðu félagsins.

## 8. Aðgengi og birting

Reglur þessar skulu vera aðgengilegar viðskiptamönnum Öldu sjóða hf. og eru birtar á heimasíðu félagsins.

Alda sjóðir hf. – stjórn

---

Birgir Örn Arnarson

---

Óli Grétar Blöndal Sveinsson

---

Einar M. Ólafsson